

**BÓKUN 43*****UM SAMNINGINN MILLI EBE OG LÝÐVELDISINS AUSTURRÍKIS VARÐANDI  
UMFLUTNING VARA Á VEGUM OG JÁRNBRAUTUM***

Samningsaðilar hafa í huga að á sama tíma og þessi samningur er undirritaður verður undirritaður tvíhliða samningur milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Austurríkis varðandi umflutning vara á vegum og járnbrautum.

Ákvæði tvíhliða samningsins hnekkja ákvæðum þessa samnings að því leyti sem þau fjalla um sama efni og eins og tilgreint er í þessum samningi.

Sex mánuðum áður en samningurinn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Austurríkis varðandi umflutning vara á vegum og járnbrautum rennur út skulu báðir aðilar endurskoða stöðu mála í flutningum á vegum.